REGLUGERÐ

fyrir Akranesveitu.

I. KAFLI
Stjórn og rekstur.

1. gr.

Skilgreining.

Akranesveita, skammstafað AV, er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag, sem Akraneskaupstaður á og starfrækir. Heimili og varnaþing veitunnar er á Akranesi.

2. gr.

Tilgangur AV er að annast á veitusvæði sínu öflun, dreifingu og sölu raforku, varmaorku, vatns samkvæmt gildandi reglugerð og rekstur holræsakerfis Akraness samkvæmt reglugerð og samþykkt bæjarstjórnar, rekstur aðveitu HAB eftir því sem um semst, rekstur vinnuflokka svo og aðra starfsemi sem því tengist og veitunni er falin samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Akraness.

3. gr.

Veitusvæði, einkaréttur.

Veitusvæði AV er lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar. AV selur einnig heitt vatn í Innri – Akraneshreppi og öðrum sveitarfélögum eftir því sem um semst og ekki brýtur í bága við einkarétt annarra.

AV hefur einkarétt til dreifingar og sölu á raforku, varmaorku og neysluvatni á veitusvæði sínu á Akranesi.

4. gr.

Yfirstjórn.

Yfirstjórn AV er í höndum bæjarstjórnar Akraness, en framkvæmdastjórn hennar skal falin bæjarráði Akraness ásamt bæjarstjóra.

5. gr.

Verksvið stjórnar.

Hlutverk bæjarráðs varðandi rekstur Akranesveitu er að:

a) hafa eftirlit með því að skipulag AV og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi;
b) ákveða framkvæmdir á veitusvæðinu í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitastjórnarlaga;
c) semja gjaldskrá fyrir AV og leggja hana fyrir bæjarstjórn til samþykktar;
d) undirbúa samninga, sem lagðir eru til staðfestingar í bæjarstjórn um orkukaup og orkusölu;
e) semja fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn;
f) ráða fasta starfsmenn veitunnar að fengnum tillögum sviðsstjóra;
g) gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem hún óskar eftir;
h) semja nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggja þær fyrir bæjarstjórn til samþykktar;
i) leggja ársreikning veitunnar fyrir bæjarstjórn til samþykktar í samræmi við 83. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.
Reikningshald.

AV skal hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsár veitunnar er almanaksárið og skulu endurskoðaðir reikningar hennar fylgja öðrum ársreikningum sveitarfélagsins.

Gjaldskrá skal við það miðuð að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga orku/neysluvatn á hagkvæmasta verði.

Tekjum AV skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði og fjárfestingu þannig að öruggur rekstur veitunnar sé tryggður, þar með talin greiðsla afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum stjórnar.

II. KAFLI
Verðskrá og innheimta.

7. gr.
Gjaldskrá.

a) *Gjaldskrá.*
Verð á orku/vatni og annarri þjónustu skal ákveða í gjaldskrá. Skal gjaldskrá við það miðuð að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Skal fyrirtækinu þannig vera kleift með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum að tryggja viðskiptavinum sínum næga orku á hagkvæmasta verði.
Viðskiptavinir AV skulu greiða AV orkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.
Í gjaldskrá skal kveðið á um verð fyrir raforku, heitt vatn, heimtaugar/heimæðar, gjalddaga, eindaga og innheimtu þessara gjalda; viðurlög við vanskilum og annað sem kemur gjaldtökunni við.
Gjaldskrá, sem hlotið hefur samþykki veitustjórnar, skal lögð fyrir iðnaðarráðuneytið til staðfestingar og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

b) *Áætlun, álestur og uppgjör.*
AV má grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun en í henni sé orkunotkuninni jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á sannreyndri orkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.
Raunverulega orkunotkun skal sannreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið sannreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið á milli álestra.
Viðskiptavinur AV getur, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálesturs og uppgjörs miðað við sannreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um notkun vegna nýrra forsendna.

c) *Reikningar, gjalddagi og vextir.*
Reikninga skal senda út reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti, nema samkomulag sé gert um annað. Þeir skulu sendir orkukaupanda á notkunarstað eða á annan stað sem hann tiltekur.
Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá hverju sinni.
Skulu þeir greiddir fyrir reikningstímabil sem tilgreint er á reikningi. Vanskilavextir (dráttarvextir) skulu innheimtir vegna skuldar orkukaupanda; skulu þeir reiknaðir frá þeim gjalddaga sem tilgreindur er á reikningi.

8. gr.
Stöðvun orkuafhendingar.

a) *Lokaaðvörun.*
Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup, má AV stöðva orkuafhendingu til notanda að undangenginni skriflegri aðvörun sem sendist honum með minnst 5 daga fyrirvara. Veitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkra aðgerða.

b) *Innheimtuaðgerðir.*
Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila AV sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar orkuafhendingar og vanskil á álestrarreikningum. AV ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.
Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum fleiri en einnar veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er eða allar vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

c) *Greiðsluskylda á lokunartíma.*
Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við AV né heldur greiðuskyldu á fastagjaldi, aflgjaldi og tækjaleigu á lokunartíma. AV hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar svo og opnun veitunnar.

d) *Stöðvun orkuafhendingar.*
AV má stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti sem henta þykir. AV er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá viðvörun um hana.

e) *Opnun lokaðrar veitu.*
Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, skal hún að jafnaði ekki opnuð aftur nema skuldin sé að fullu greidd og/eða trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis.

f) *Óleyfileg tenging veitu.*
Enginn má rjúfa straum eða rennsli vatns né endurtengja veitu nema þeir sem AV hefur veitt til þess umboð hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu má AV rjúfa fyrirvaralaust.

III. KAFLI
Húsveitur og tenging þeirra.
Almenn ákvæði.

9. gr.
Eigandi/notandi veitu.

Eigandi húsveitu, eða annarrar veitu, sem tengist veitukerfi AV, nefnist húseigandi (veitueigandi). Kaupandi orku, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi. Sjá nánar um ábyrgð húseiganda við notendaskipti í gr. 14, d). Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá AV.

10. gr.
Umsókn um heimtaug/heimæð.

a) *Skuldbinding húseiganda.*
Umsókn um heimtaug/heimæð eða breytingu á þeim skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða tilskilin gjöld sem ákveðin eru í verðskrá AV og að hlíta settum reglum um kaup á orku frá AV. AV getur krafist þess að skrifleg greinargerð, byggð á tækniþekkingu, sé lögð fram varðandi áætlun um afl- og orkunotkun.

b) *Óvenjulegar aðstæður.*
Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugar-/heimæðargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir og vinnureglum sem AV setur.

c) *Lágmarksgjald.*
AV er heimilt að krefjast lágmarksgjalds vegna notkunar um heimtaug/heimæð.

d) *Frosin jörð.*
Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimtaugar/heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

11. gr.
Mælitæki.

a) *Uppsetning mælitækja.*
AV setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja án samþykkis AV. AV getur krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að mati AV.

b) *Notandi/Viðskiptavinur.*
Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er skráð fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun veitunnar þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir AV um það. Um ábyrgð húseiganda, sjá lið d) hér á eftir.
Breyting á skráningu notanda fyrir sameiginlegri notkun orku um mælitæki verður því aðeins gerð að allir notendur hinnar sameiginlegu notkunar fari fram á það skriflega.

c) *Notendaskipti.*
Hætti skráður notandi notkun skal hann tilkynna það til AV, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn, skal loka því og eigi skal hefja orkusölu um tækið á ný fyrr en nafn og kennitala nýs notanda hefur verið tilkynnt.

d) *Ábyrgð húseiganda við notendaskipti.*
Húseigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til AV um notendaskipti. Vanræki húseigandi tilkynningarskyldu sína, er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir ógreiddri orkunotkun þess aðila er áður var notandi viðkomandi veitu.

e) *Viðhald.*
AV annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað, en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald og endurnýjun þess.

f) *Mælaleiga.*
Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. verðskrá AV á hverjum tíma.

g) *Prófun mælitækis.*
Óski notandi að mælitæki verði prófað skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja +/- 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.
AV hefur heimild til þess að láta prófa mælitæki ef líkur benda til mæliskekkju.

h) *Greiðsla/endurgreiðsla vegna mæliskekkju.*
Ef fram kemur við prófun, sem AV framkvæmir, að mælitækið hafi mælt 5% of lítið eða þaðan af minna, skal notandi greiða það sem vanmælt var.
Hafi mælitæki mælt 5% of mikið eða þaðan af meira, skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé. Notendur eiga ekki rétt á leiðréttingu fastagjalda þó mælitæki hafi ekki verið rétt.

AV getur ekki krafist viðbótargreiðslu fyrir lengra tímabil en 1 ár og sama gildir um kröfu notanda til endurgreiðslu.
Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingu um það hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum sem að framan greinir.

i) *Véfenging á niðurstöðum prófunar.*
Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki skal leita úrskurðar viðurkenndra úrskurðaraðila og er hann bindandi fyrir báða aðila.

j) *Notkun vegna galla á veitu.*
Þótt orkunotkun verði rakin til galla á húsveitu eða tækjum, er AV ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

k) *Leiðrétting á reikningsfjárhæð.*
Ef svo reynist að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir eða álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð verið skakkur, áskilur AV sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju undir eins og vitað er um hana.

l) *Óleyfileg notkun.*
Verði uppvíst að rafmagn/heitt vatn sé notað á annan hátt en um er samið eða raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum, þannig að öll notkun komi ekki fram skal AV áætla þá notkun sem fram hefur farið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hana allt að þrefaldri áætlaðri notkun eftir gildandi verðskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.
Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni má við matið hafa hliðsjón af stærð á mæli- eða varbúnaði þeim sem fyrir veitunni eru.

12. gr.
Innsigli.

a) *Innsiglun mælitækja o.fl.*
Starfsmenn AV hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um svo sem kWh-mæla, straumspenna, magnmæla, hemla o.þ.h. Einnig mega starfsmenn AV innsigla hluta veitu sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn AV. Önnur innsigli AV mega faglega ábyrgir aðilar rjúfa að fengnu leyfi AV hverju sinni.
Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna AV skriflega málsatvik.
Veiti notandi eða faglega ábyrgur aðili því athygli að innsigli sé rofið eða vanti er hann skyldur að tilkynna AV slíkt án tafar.

b) *Óleyfilegar tengingar.*
Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu og er heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað sem aukið eftirlit með veitunni hefur í för með sér. AV getur látið taka veitu eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt.

13. gr.
Eftirlit.

a) *Aðgangsréttur AV.*
Starfsmenn AV eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er:
1. til athugunar á öryggi þeirra þ.m.t. neyslutæki;

2. til athugunar á mælitækjum og því hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá;
3. til álestrar á mælitæki;
4. til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum AV.

b) *Tengiskilyrði.*
Setja má í sérstakri reglugerð staðfestri af ráðherra, sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

c) Ekki má setja dælur eða annan búnað við húskerfin, sem truflað getur aðra notendur eða rekstur AV.
Óheimilt er að hylja mæligrind eða annan mælibúnað AV á þann hátt að það valdi erfiðleikum við viðhald, viðgerðir eða álestur.

d) Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

IV. KAFLI
Sérákvæði – rafveita.

14. gr.
Rafverktakaleyfi.

a) *Öflun leyfis.*
Rafverktakar skulu hafa hlotið landslöggildingu Rafmagnseftirlits ríkisins, sbr. reglugerð nr. 543/1993.

b) *Heimild til vinnu við raforkuvirki.*
Skylt er að láta löggilta rafverktaka og/eða AV, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur um er að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerðir á raflögnum eða raftækjum sem tengjast eiga eða tengd eru við húsveituna. Aðrir mega ekki taka ábyrgð á né vinna nokkurt slíkt verk.

c) *Upplýsingaskylda.*
Löggiltir rafverktakar eru skyldir til að veita AV upplýsingar um húsveitur og raftæki sem þeir vinna við og bera ábyrgð á.

15. gr.
Úttekt.

a) *Úttekt og skoðun.*
AV annast úttekt og skoðun á raflögnum skv. reglugerð um raforkuvirki. AV getur gert eiganda veitu að greiða kostnað þeirra verka sem AV innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunaraðgerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

b) *Spennusetning.*
Engir aðrir en umboðsmenn AV mega setja spennu á veitu eða hluta af veitu í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið varðar það þann sektum sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur spennu á veituna og hinn löggilta rafverktaka er um verkið sá.

c) *Ábyrgð.*
AV tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingum.

16. gr.
Húsveitur.

a) *Kröfur til húsveitna.*
Sérhver húsveita að meðtöldum neyslutækjum skal fullnægja kröfum þeim sem settar eru í reglugerð um raforkuvirki og tæknilegum tengiskilmálum AV. Það telst óleyfilegt,

sem ekki fullnægir þessum kröfum. Efni í veitu eða tæki skal vera viðurkennt af sömu aðilum.

b) *Stofntaugar.*
Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

c) *Kostnaður vegna aukningar veitukerfis.*
Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða og AV þarf, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er AV heimilt að gera umsækjanda að taka þátt í kostnaði.

d) *Eigandi heimtaugar.*
Heimtaugar með stofnvari eru eign AV, enda þótt heimtaugargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi sérstaklega verið samið.

e) *Breyting á heimtaug.*
AV annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug skal húseigandi greiða kostnaðarmun sem ákveðinn er í gjaldskrá.

V. KAFLI
Skilmálar fyrir raforkusölu.

17. gr.
Umsókn um tengingu.

Skilyrði raforkusölu er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við rafveitukerfi AV.

18. gr.
Raforkusala.

a) *Skilmálar um raforkusölu.*
AV selur raforku á orkuveitusvæði sínu, þar sem veitukerfi nær til, með þeim skilmálum sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um raforkuvirki á orkuveitusvæði þeirra og verðskrá á hverjum tíma.

b) *Umsókn um raforkukaup.*
AV getur krafist þess að hver sem óskar að gerast notandi raforku sæki um það skriflega og geri nána grein fyrir afl- og orkunotkun og til hverra nota raforkan sé ætluð, sbr. einnig 13. gr.

c) *Takmörkuð flutningsgeta.*
Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður AV nánari skilmála.

d) *Takmörkun sölu vegna rafhitunar.*
AV getur takmarkað sölu samkvæmt sérstökum töxtum vegna rafhitunar.

e) *Sérstök spennistöð.*
Ef AV telur nauðsynlegt að komið verði fyrir raforkuvirkjum á viðkomandi lóð í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal AV látin í té nauðsynlegur lóðarflötur eða húsnæði fyrir spennistöð, með sérstökum samningi og nauðsynlegur lóðarflötur eða aðstaða fyrir jarðstrengi, tengiskápa, stólpa og festur fyrir loftlínur, án endurgjalds.
AV er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni. Kvöð um uppsetningu og rekstur hennar og annarra raforkuvirkja má þinglýsa á viðkomandi húseign.

f) *Spennubreyting.*
Óski AV eftir spennubreytingu á húsveitu er húseiganda skylt að hlíta því. AV er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd.
Húseigendur bera kostnað af spennubreytingu húsveitu sem þeir sjálfir hafa óskað eftir og AV samþykkt, nema sérstakt samkomulag náist um skiptingu kostnaðar.

g) *Endursala raforku.*
Endursala til annarra á raforku, sem keypt er af AV, er óheimil án leyfis AV.

19. gr.
Rekstrartruflanir.

a) *Skaðabótaskylda AV.*
Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilunar eða takmörkunar á raforkuvinnslu hefur ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu á hendur AV, en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, sbr. þó síðustu málsgrein c) liðar þessarar greinar.
AV ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum né afleiðingum af þeim né heldur bruna eða slysum sem verða kunna af völdum rafmagns frá veitum rafmagnsnotanda.

b) *Réttur til rofs.*
AV áskilur sér rétt til þess að taka rafmagn af veitu vegna viðgerða og viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.
Meðan verið er að leggja heimtaugar er AV heimilt að taka rafmagn af því svæði sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

c) *Takmörkun á orkuafhendingu.*
Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma ákveður AV hvernig takmörkun skuli hagað.
Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur AV þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.
Notendur sem greiða aflgjald, eiga rétt á að fá sem svarar 1/300 hluta aflgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag sem þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa. Þetta gildir ekki varðandi lokun vegna vanskila.

20. gr.
Samningsbundinn taxti.

Umsaminn taxti.

Sérhver rafmagnsnotkun er rafmagnsnotandi byrjar á samkvæmt tilteknum taxta AV er bindandi fyrir hann í að minnsta kosti 1 ár. Þó getur AV leyst notanda undan þessari skuldbindingu.

Verði breyting á notkun, þannig að hún falli undir annan taxta, skal umsókn um það send AV með eins mánaðar fyrirvara.

AV áskilur sér rétt að segja upp sölu eftir tilteknum taxta með eins mánaðar fyrirvara ef í ljós kemur að notkunin á að falla undir annan taxta.

VI. KAFLI
Sérákvæði hitaveitu.

21. gr.
Kröfur til húsveitna.

Heitt vatn er afhent um veitukerfi AV samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

AV er skylt að haga starfsemi sinni þannig að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

AV skal gefa notendum upplýsingar um þrýsting og hitastig í stofnlögnum, sé þess óskað.

22. gr.
Stofngjöld og sala á heitu vatni.

AV er heimilt að semja sérstaklega um stofngjöld og sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála.

Endursala á heitu vatni er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

23. gr.
Afrennsli.

AV er heimilt að nota aftur vatn sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss. Notendum er heimilt að nýta varma afrennslisvatnsins til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o.s.frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef veita þarf á því að halda. Óski AV ekki eftir að nýta afrennslisvatnið skal húsráðandi annast og bera kostnað við að leiða það í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 40°C. Setja skal hitamæli á afrennslislögn. AV getur krafist þess að settur sé hitastýrður loki á afrennslið, ef grunur leikur á að afrennslisvatnið sé of heitt. Ef notendur nýta hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o.s.frv. og hitakerfin eru beint tengd hitaveitunni, þá getur hitaveitan krafist þess að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

24. gr.
Dreifikerfi.

AV leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, stofnæðar, dreifiæðar, heimæðar og lagnir innanhúss að og með mælagrindum ásamt tilheyrandi búnaði. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis.

Áður en hafist er handa um lagningu heimæðar skal lóð vera komin í sem næst rétta hæð og gluggar og hurðir húss lokanlegir.

25. gr.
Lagning og viðhald.

Við lagningu og viðhald veitukerfis skal AV halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal veitan færa allt rask til fyrra horfs eins og við verður komið.

Húseigandi á ekki kröfu á sérstakri greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar og viðhalds dreifikerfisins.

26. gr.
Breytingar á húsveitu.

Kostnað við breytingu á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við AV skal húseigandi greiða.

Húseigandi kostar breytingu á hitaveitulögnum, sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi fyrir öllum framkvæmdum, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi AV.

27. gr.

Hindrunarlaus aðgangur.

AV hefur rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits, breytinga og lokunar. Inntak hitaveitu og mælagrind skulu alltaf vera í sama herbergi og skal lögn og mælagrind vera óhulin og aðgengileg til þjónustu.

AV ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað hitaveitu við útvegg 1. hæðar (kjallara) ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annan búnað. Þar sem inntak kemur upp úr gólfplötu á húseigandi að sjá til þess að nægilega víð göt séu fyrir hitaveitulögnina. Niðurfall skal vera í gólfi þar sem mælagrind er staðsett. Húseigandi skal sjá fyrir lýsingu við mælagrind.

28. gr.

Umsóknir um hitunarkerfi.

Um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum gilda ákvæði byggingarreglugerðar. Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa skal sækja um orkukaupin til AV á þar til gerðum eyðublöðum sem hitaveitan lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingarnefnd.

Pípulagningameistari skal skila til AV tæknilegum upplýsingum um lagnakerfið á sérstökum eyðublöðum, vottorði um úttekt byggingafulltrúa og sækja um áhleypingu með minnst dags fyrirvara.

Engir aðrir en umboðsmenn AV (starfsmenn) mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu. Ekki verður hleypt á hús nema lagnir séu í samræmi við samþykktar teikningar og gildandi reglugerðir. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

29. gr.

Ábyrgð húseiganda.

Húseigandi og notandi bera in solidum ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss, sem eru í eigu AV og þar með þeim kostnaði við viðgerð eða endurnýjun þess búnaðar sem verður fyrir skemmdum af völdum notenda.

Húseiganda/notanda bera að tilkynna tafarlaust til AV ef vart verður bilunar í búnaði eða tækjum hennar.

VII. KAFLI

Skilmálar fyrir sölu á heitu vatni.

30. gr.

Hitastig og leiðréttingar.

AV selur heitt vatn í smásölu samkvæmt magnmælingu um rennslismæla.

AV leiðréttir gjald fyrir vatnsnotkun með tilliti til hitastigs, þannig að fyrir hverja gráðu á Celsius, sem reiknað hitastig við húsvegg víkur frá 80°C, breytist gjaldið um 2% til lækkunar sé hiti lægri en 80°C, en annars til hækkunar.

Útreikningarnir miðast við að ná meðalleiðréttingu hjá notendum. Þannig verði sama magn ofleiðrétt og vanleiðrétt.

Við útreikninga er gengið út frá eðlilegu jafnvægisástandi í aðveitu og dreifikerfi. Ekki er leiðrétt vegna tímabundinna hitasveiflna í aðveitu, en búast má við hærri vatnshita í þurrviðri og lægri í bleytutíð.

Hjá þeim notendum, sem einungis kaupa neysluvatn og þar sem notkun er lítil eða mjög óregluleg, skal leiðrétting vera meðalleiðrétting viðkomandi sveitarfélags.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Fastagjaldið miðast við flatarmál samkvæmt fasteignamati. Fastagjald er ekki greitt af bifreiðageymslum nema þær séu nýttar í annað. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, en þeir sem ekki greiða fastagjald þetta skulu greiða 33,33% hærra verð fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir hvern mæli skal greiða fast gjald á mánuði, mælaleigu, háð stærð mælis.

Af húsi sem tengist hitaveitunni skal greiða stofngjald. Viðbótarstofngjald skal greiða af viðbyggingum húsa.

Fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, skal greiða sérstakt gjald.

Ef óskað er fleiri en einnar mælagrindar í húsi, þar sem greitt hefur verið sameiginlegt stofngjald, skal greiða sérstakt mælagrindargjald á hverja mælagrind sem bætist við.

31. gr.

Rennslismælar.

AV ákveður stærð og gerð rennslismæla. Starfsmenn veitunnar innsigla mælana.

Ef rofið er innsigli á búnaði AV varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Notendur eiga ekki rétt á leiðréttingu fastagjalda, þó rennslismælir hafi ekki talið rétt.

32. gr.

Enginn má af- eða endurtengja veituna nema þeir sem AV hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með sem óleyfilega vatnsnotkun.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal AV heimilt að áætla það vatn sem notað var óleyfilega og krefja húseiganda eða notanda um allt að þrefalda áætlaða notkun.

33. gr.

Skaðabótaskylda AV.

AV ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir, ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Þurfi að takmarka notkun heita vatnsins um lengri eða skemmri tíma, ákveður AV hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalda.

Stöðvun eða óviðráðanlegar breytingar á rekstri veitunnar eða hluta hennar skal tilkynna svo fljótt sem unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur strax og því verður við komið.

34. gr.

Vanræksla húseiganda.

Vanræki húseigandi/notandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, þá er AV heimilt að stöðva afhendingu á heitu vatni til hans.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35. gr.
Fjárnám.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari svo og verðskrá settri skv. henni skulu hafa beint aðfararhæfi samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90 frá 1989 um aðför sbr. 79. gr. laga nr. 58 frá 1967.

36. gr.
Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

37. gr.
Málarekstur.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.
Samþykki og staðfesting.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af veitustjórn Akranesveitu og bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29 apríl 1967, til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt er felld úr gildi eldri reglugerð um Akranesveitu nr. 665 frá 27. desember 1995, með áorðnum breytingum.

39. gr.
Ákvæði til bráðabirgða.

Akranesveitu er heimilt að taka við innheimtu gjalda sem lögð voru á notendur Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar vegna viðskipta við veituna fyrir 1. janúar 1996 og beita við innheimtu þeirra gjalda ákvæðum 79. greinar orkulaga nr. 58 frá 1967.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. desember 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 977 19. desember 2000

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Dalabyggðar.

I. KAFLI
Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er skipuð 7 sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.